



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

# Víkingur leikur Skrjabín

8. október 2015





MENNTA- OG  
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg

## Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.

Tónleikarnir eru sendir út beint í Sjónvarpi Símans. Þeir eru aðgengilegir áskrifendum útsendinganna í 2 vikur.

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1 og verða aðgengilegir í Sarpinum í tvær vikur.

Hlé er u.þ.b. 20 mínútur.

## Áætluð tímalengd verka:

*Forleikur:* 8'30"

*Píanókonsert:* 28'00"

*Sinfónía nr. 9:* 52'00"

Mynd á kápu: David Bobroff, bassabásúnuleikari og Nimrod Ron, túbuleikari.

© Ari Magg

Aðalstyrktaraðili:

**GAMMA**



@icelandsymphony

#sinfó

www.sinfonia.is

# Víkingur leikur Skrjabín

Tónleikar í Eldborg 8. október 2015 » 19:30

**Eivind Aadland** hljómsveitarstjóri  
**Víkingur Heiðar Ólafsson** einleikari

**Ludwig van Beethoven** *Coriolan op. 62, forleikur (1807)*

**Aleksandr Skrjabín** *Píanókonsert í fíis-moll op. 20 (1896)*  
*Allegro*  
*Andante*  
*Allegro moderato*

Hlé

**Franz Peter Schubert** *Sinfónía nr. 9 í C-dúr D 944 (1826)*  
*Andante - Allegro ma non troppo - Più moto*  
*Andante con moto*  
*Scherzo. Allegro vivace*  
*Finale. Allegro vivace*



## Eivind Aadland

hljómsveitarstjóri

Eivind Aadland (f. 1956) er einn af virtustu hljómsveitarstjórum Noregs. Hann var aðalhljómsveitarstjóri og listrænn stjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Þrándheims á árunum 2004 til 2010. Aadland hefur stjórnað öllum helstu sinfóníuhljómsveitum Norðurlanda og kemur reglulega fram sem geststjórnandi með filharmóníuhljómsveitunum í Bergen og Ósló, sinfóníuhljómsveitum Stafangurs og Gautaborgar og Sænsku kammersveitinni.

Utan Norðurlandanna hefur Aadland unnið mikið með sinfóníuhljómsveitum í Ástralíu, Austurlöndum fjær, Belgíu, Hollandi, Skotlandi og Þýskalandi. Hann hefur einnig fengist við óperustjórn og hlutu *Töfraflautan*, *Brúðkaup Fígarós*, *Don Giovanni* og *Leðurblakan* afbragðs viðtökur er hann stýrði uppfærslum verkanna við Norsku óperuna.

Eivind Aadland hóf feril sinn sem fiðluleikari og lærði hjá hinum heimsþekktu fiðluleikara Yehudi Menuhin. Síðar gegndi Aadland um árabíl stöðu konsertmeistara Fílharmóníuhljómsveitarinnar í Bergen en ákvað að venda kvæði sínu í kross og hóf nám í hljómsveitarstjórn hjá Jorma Panula við Sibeliusar-akademíuna í Helsinki.

Aadland myndar sterk tengsl við hljóðfæraleikarana sem hann vinnur með og á það eflaust rætur að rekja til reynslu hans sem konsertmeistara Fílharmóníuhljómsveitarinnar í Bergen um árabíl og stjórnanda Kammersveitar Evrópusambandsins. Aadland stjórnaði Sinfóníuhljómsveit Íslands fyrst á tónleikum haustið 2006 og stendur nú í níunda sinn á stjórnendapalli hennar.

Aadland hefur hljóðritað sem hljómsveitarstjóri og sem fiðluleikari fyrir Hyperion, EMI, BIS og Simax. Sem dæmi má nefna heildarsafn sinfónískra verka eftir Grieg með WDR-sinfóníuhljómsveitinni sem og sinfónísk verk Eivinds Groven og öll verk Arne Nordheim fyrir fiðlu og hljómsveit með Sinfóníuhljómsveitinni í Stafangri.

---

## Tónlistin á Íslandi

*Eivind Aadland stjórnaði Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands á tónleikum í Eldborg sl. sunnudag. Á efnisskrá var 10. sinfónía Shostakovísj og Dýravisur í útsetningu Jóns Leifs voru leiknar sem upplappslag. Um 80 ungmenni skipuðu Ungsveitina í ár, úr tónlistarskólum höfuðborgarsvæðisins, af landsbyggðinni og erlendis frá.*

# Víkingur Heiðar Ólafsson

einleikari



©Ari magg

 @VikingurMusic

Víkingur Heiðar Ólafsson þreytti frumraun sína með Sinfóníuhljómsveit Íslands árið 2001 og hefur síðan komið fram með þekktum tónlistarmönnum og hljómsveitum. Leikur hans hefur víða hlotið umfjöllun og lof: New York Sun hefur sagt hann „fæddan til að spila á píanó“, Sunday Times hefur kallað hann „rísandi stjörnupíanista“ og Piano News talað um „ótrúlega hæfileika ... þið verðið að hlusta á þennan píanista“.

Veturinn 2015-16 leikur Víkingur píanókonserter eftir Skrjabín, Beethoven, Liszt, Daníel Bjarnason, Brahms, og Tsjajkovskíj með hljómsveitum á borð við Tampere Philharmonic, Ulster Orchestra undir stjórn Rafaels Payare, Philharmonia Orchestra og Dönsku útvarpshljómsveitina undir stjórn Vladimirs Ashkenazy, auk þess að frumflytja píanókoncert Þórðar Magnússonar með Sinfóníuhljómsveit Íslands á Myrkum músíkdögum í janúar 2016. Í febrúar stýrir hann í fyrsta sinn Vinterfest tónlistarhátíðinni í Svíþjóð, en hann tekur við sem listrænn stjórnandi af klarínettuleikaranum Martin Fröst. Þá stýrir hann áfram Reykjavík Midsummer Music tónlistarhátíðinni í Hörpu, en hátíðina stofnaði hann árið 2012.

Víkingur vann að gerð sjónvarpsþáttanna Útúrdúr sem voru á dagskrá RÚV árin 2013-15 og hefur gefið út þrjá geisladiska hjá útgáfufyrirtæki sínu Dirrindí. Síðastliðinn föstudag gaf Deutsche Grammophon út heildarverk Igors Stravinskíj en þar er m.a. að finna nýjar upptökur með leik Víkings.

Víkingur stundaði nám hjá Erlu Stefánsdóttur og Peter Máté við Tónlistarskólann í Reykjavík og síðar hjá Jerome Lowenthal og Robert McDonald við Juilliard-skólann. Hann hlaut ýmsa styrki á námsárunum, m.a. úr Minningarsjóði um Birgi Einarson. Hann hefur fjórum sinnum verið valinn Flytjandi ársins á Íslensku tónlistarverðlaununum.

Víkingur Heiðar tileinkar flutninginn minningu Erlu Stefánsdóttur, með þakklæti og djúpri virðingu.

## Ludwig van Beethoven

Coriolan op. 62, forleikur



Ludwig van Beethoven (1770–1827) var mikill aðdáandi verka Williams Shakespeare sem hann las í þýðingu Johannis Joachim Eschenburg sem stóð að fyrstu útgáfu heildarverks Shakespears á þýska tungu og beitti sér fyrir útbreiðslu enskra fagurbókmennta á þýska málsvæðinu. Harmleikur Shakespears Coriolanus var þó ekki kveikjan að forleik Beethovens *Coriolan*, heldur verk austurríska leikritaskáldsins og stjórnámamannsins Heinrichs Joseph von Collin um sömu sögupersónuna, Gaius Marcius Corilianus. Leikritið samdi Collin árið 1804 og var það upphaflega flutt með tónlist Mozarts úr Idomeneo. Forleikur Beethovens var frumfluttur á lokuðum tónleikum á heimili velgjörðarmanns hans, prinsins Franz Joseph von Lobkowitz þar sem fjórða sinfónían og fjórði píanókonsertinn heyrðust einnig í fyrsta sinn. Í kjölfar tónleikanna birtist eftirfarandi umsögn í tímaritsgrein:

„Hugmyndaauðgi, djarflegur frumleiki og magnþrunginn kraftur sem einkennir verk Beethovens fór ekki framhjá neinum á þessum tónleikum. Þó fannst mörgum skorta göfugan einfaldleika - hinar fjölmörgu frjóu hugmyndir ekki nægilega vel útfærðar og tengdar, þannig að heildarmyndin var líkt og óslípaður demantur“.

Þrátt fyrir þessi orð hafði frumflutningur forleiksins þau áhrif, að stjórn hins keisaralega leikhúss (Burgtheater) lét setja upp sérstaka sýningu á leikriti Collins í því skyni að tengja það tónlist Beethovens. Þessi staka sýning var þó leikritinu ekki til framdráttar og er ekki vitað til þess að það hafi nokkurn tíma aftur verið sett á svið, en *Coriolan forleikurinn* er eitt dádasta verk sinnar tegundar.

Í aðalstefi forleiksins í c-moll fylgisti áheyrandinn með hinum herskúa Coriolanus sem er í þann mund að ráðast inn í Róm. Í blíðum Es-dúr hlutanum heyrst rödd móður hans sem sárþænir hann að hætta við. Coriolanus lætur undan en getur ekki snúið við, hafandi leitt her fyrrum fjandmanna sinna að hliðum Rómars, og flýr á vit dauðans.

## Aleksandr Skrjabín

Píanókonsert í fíis-moll op. 20



Aleksandr Níkolajvítsj Skrjabín (1872–1915) hóf píanónám tíu ára gamall og var farinn að semja tónlist á fimmtánda aldursári. Sextán ára innritaðist hann í Tónlistarháskólann í Moskvu og stundaði píanónám við hlið Sergejs Rakhmanínov hjá Níkolaj Zverev. Að námi loknu kenndi hann í nokkur ár við skólann og skapaði sér nafn sem píanisti en árið 1904 lagði hann þessi störf á hilluna og helgaði sig alfarið tónsmíðum. Í byrjun voru Chopin og Liszt helstu fyrirmyndir Skrjabíns í tónsköpun en fljótlega fór hann að forðast öll utanaðkomandi áhrif í því skyni að þróa sitt persónulega tónmál. Í leit sinni sökkta hann sér niður í dulspeki og aðhylltist meðal annars kenningu Forngríkkja um að tónlist gæti umbreytt mannsálinni. Með árunum gerðust hugmyndir Skrjabíns stöðugt róttækari og þegar hann lést skyndilega úr blóðeitrun aðeins 43 ára gamall, skildi hann eftir sig 72 síðna uppkast að tónsmíð - undanfara risavaxins tónverks sem hann kallaði *Mysterium* eða *Leynardóm*. Átti þessi tónbálkur að taka sjö daga í flutningi og verða fluttur af þúsundum tónlistarmanna við rætur Himalajafjallanna og framkalla ýmiskonar undur og stórmerki.

---

### Tónlistin á Íslandi

Einu verk rússneska tónskáldsins Aleksandr Skrjabín sem Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur flutt er 2. sinfónían op. 29 í C-dúr sem hljómsveitin lék undir stjórn Páls P. Pálssonar í Háskólabíói haustið 1984 og 4. sinfónían, *Algleymsljóðið* (*Le Poème de l'extase*) op. 54 sem heyrðist á tónleikum sveitarinnar vorið 1991 í túlkun Petris Sakari.

Skrjabín samdi fimm sinfóníur, þar á meðal *Guðdómlega ljóðið* (1903), *Algleymsljóðið* (1907) og *Prómeþeus: Eldljóðið* (1909). Píanósónötturnar tíu eru hluti af verkalista fjölmargra píanóleikara og flokkast með öðrum píanóverkum Skrjabíns, sem skipta hundruðum, undir meistaraverk píanóbókmennta 20. aldarinnar.

Píanókonsertinn er glæsileg tónsmíð frá fyrri hluta tónsmíðaferils Skrjabíns þar sem enn örllar ekki á þeim miklu breytingum sem tónmál hans átti eftir að taka. Konsertinn er saminn á nokkrum dögum haustið 1896 en hljómsveitarútfærslan beið næsta vors. Konsertinn er fyrsta hljómsveitarverk Skrjabíns og jafnframt eini einleikskonsert hans.



## Franz Peter Schubert

Sinfónía nr. 9 í C-dúr D 944

Franz Schubert (1797–1828) fylgdi átrúnaðargoði sínu Beethoven til grafar sem kyndilberi ásamt 20.000 öðrum syrgjendum í Vínarborg þann 29. mars árið 1827. Tæpum 20 mánuðum síðar, þann 21. nóvember 1828, var Schubert lagður til hinstu hvílu í sama kirkjugarði. Tíu árum síðar kom Robert Schumann til Vínar og dvaldi þar í nokkra mánuði. Meðan á dvölinni stóð heimsótti hann Ferdinand bróður Schuberts sem var búsettur í borginni. Schumann skrifar: „Hann [Ferdinand] þekkti mig auðvitað vegna lotningarfullra ummæla minna um bróður hans sem ég hef svo oft viðhaft opinberlega; sagði mér og sýndi ýmislegt... Loks leyfði hann mér að skoða hin dýrmætu tónverk Schuberts sem enn voru í hans umsjá. Fjár sjóðurinn sem ég sá fyllti mig óstjórnlegri gleði; hvar átti að byrja, hvar að enda! Hann benti mér meðal annars á raddskrár af nokkrum sinfóníum sem enn hafa ekki heyrst - dæmdar of þungar og tyrfnar. Þarna, innan um nótnabunkana lá þykk, 130 síðna bók, dagsett mars 1828 efst á fyrstu síðunni. Handritið, þar á meðal dagsetningin og nokkrar leiðréttingar, er allt skrifað með hönd Schuberts sem oft virðist hafa flogið eins hratt áfram og penninn orkaði. Verkið, sinfónía í C, síðasta og stórkostlegasta verk Schuberts, hafði aldrei verið flutt.“

Í kjölfarið sendi Schumann sinfóníuna til tónlistarstjóra Gewandhaus í Leipzig þar sem hún var frumflutt undir stjórn Mendelssohns þann 21. mars 1839.

Síðari tíma rannsóknir hafa leitt í ljós að stóra C-dúr sinfónían er líklegast verk sem talið var glatað og Schubert samdi að mestu leyti í Gmunden (Efra Austurríki) sumarið 1825 og lauk við vorið eftir. Raddskráin sem Schumann sá hjá Ferdinand Schubert er hreinskrift bróður hans frá árinu 1828.

*Sigurður Ingvi Snorrason*

---

## Tónlistin á Íslandi

*Sinfóníuhljómsveit Íslands flutti 9. sinfóníu Schuberts í fyrsta sinn á tónleikum í Þjóðleikhúsinu 26. nóvember árið 1957 undir stjórn þýska hljómsveitarstjórans Wilhlems Schleuning. Síðan þá hefur hljómsveitin flutt sinfóníuna níu sinnum, síðast í Háskólabíói í febrúar árið 2002 þar sem þýski hljómsveitarstjórinn Thomas Kalb hélt um tónsprotann. Til gamans má geta að 10 dögum eftir fyrsta flutning 9. sinfóníunnar árið 1957 stjórnaði Wilhelm Schleuning frumflutningi á píanókonerti Jóns Nordal í Þjóðleikhúsinu með tónskáldið við flygilinn.*



## Yan Pascal Tortelier

ráðinn aðalhljómssveitarstjóri



Sinfóníuhljómssveit Íslands hefur ráðið franska hljómssveitarstjórnann Yan Pascal Tortelier í stöðu aðalhljómssveitarstjóra. Tortelier er ráðinn til þriggja ára og tekur við stöðunni í byrjun næsta starfsárs. Yan Pascal Tortelier er heimsþekktur hljómssveitarstjóri og nýtur mikillar virðingar fyrir störf sín. Hann hefur stjórnað mörgum af helstu hljómssveitum heimsbyggðarinnar, þar á meðal Sinfóníuhljómssveit Lundúna, Orchestre de Paris, Konunglegu Concertgebouw-hljómssveitinni, Fílharmóníuhljómssveitinni í Sankti Pétursborg og Hljómssveit La Scala-óperunnar í Mílanó. Tortelier hefur um langt árabíl starfað fyrir Chandos-útgáfuna og hljóðritað fjöldamörg verk, einkum með BBC-fílharmóníunni.

Tortelier hefur átt farsælt samstarf við Sinfóníuhljómssveitina allt frá árinu 1998 þegar hann stjórnaði tónleikum á Listahátíð í Reykjavík. Hann kom aftur þegar hljómssveitin var flutt í Hörpu 2012 og nú síðast stjórnaði hann tónleikum í mars síðastliðnum við frábærar undirtektir.

Tortelier segir um ráðninguna: „Það er mér mikið gleðiefni að taka við stöðu aðalstjórnanda Sinfóníuhljómssveitar Íslands. Samvinna mín við hljómssveitina hefur gengið einstaklega vel og nýja tónlistarhúsið gerir starfið allt mun ánægjulegra en ella. Við munum í sameiningu þróa hljómssveitina áfram og það er mér mikið kappsmál að við getum náð til tónlistarunnenda víða um heim og deilt með þeim hinum einstöku hæfileikum og tónlistargáfum sem Sinfóníuhljómssveit Íslands býr yfir.“

Tortelier mun koma fram með Sinfóníuhljómssveit Íslands á sjö tónleikum á næsta starfsári og meðal þess sem prýðir efnisskrár hans eru verk eftir Ravel, Bizet, Elgar, Rakhmanínov, Shostakovitsj, Sibelius og Stravinskíj. Íslenskir og erlendir einleikarar koma fram með Tortelier á fyrsta starfsári hans, meðal annars Víkingur Heiðar Ólafsson og rússneski píanistinn Nikolai Lugansky, fiðluleikararnir James Ehnes og Alina Ibragimova, og danski sellósnillingurinn Andreas Brantelid.

# Hljómsveit á tónleikum

8. október 2015

## 1. FIÐLA

Sigrún Eðvaldsdóttir  
Zbigniew Dubik  
Pálína Árnadóttir  
Júlíana Elín Kjartansdóttir  
Bryndís Pálsdóttir  
Mark Reedman  
Pascal La Rosa  
Rósa Hrund Guðmundsdóttir  
Lin Wei  
Ágústa María Jónsdóttir  
Margrét Kristjánsdóttir  
Hildigunnur Halldórsdóttir  
Olga Björk Ólafsdóttir  
Andrzej Kleina

## 2. FIÐLA

Roland Hartwell  
Helga Þóra Björgvinsdóttir  
Ingrid Karlsdóttir  
Dóra Björgvinsdóttir  
Christian Diethard  
Ólöf Þorvarðsdóttir  
Kristín B. Ragnarsdóttir  
Þórdís Stross  
Hlín Erlendsdóttir  
Greta Guðnadóttir  
Kristján Matthíasson  
Geirþrúður Ása Guðjónsdóttir

## VÍOLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir  
Svava Bernharðsdóttir  
Sarah Buckley  
Móeiður Sigurðardóttir  
Herdís Anna Jónsdóttir  
Guðrún Hrund Harðardóttir  
Guðrún Þórarinsdóttir  
Jónína Auður Hilmarsdóttir  
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson  
Kathryn Harrison

## SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson  
Sigurður Bjarki Gunnarsson  
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir  
Inga Rós Ingólfssdóttir  
Bryndís Björgvinsdóttir  
Júlía Mogensen  
Margrét Árnadóttir  
Hrafnkell Orri Egilsson

## BASSI

Hávarður Tryggvason  
Páll Hannesson  
Dean Ferrell  
Jóhannes Georgsson  
Richard Korn  
Þórir Jóhannsson

## FLAUTA

Hallfríður Ólafsdóttir  
Áshildur Haraldsdóttir  
Martial Nardeau

## ÓBÓ

Fanny Kloevekorn  
Peter Tompkins

## KLARÍNETT

Arngunnur Árnadóttir  
Grímur Helgason

## FAGOTT

Michael Kaulartz  
Brjánn Ingason

## HORN

Stefán Jón Bernharðsson  
Emil Friðfinnsson  
Joseph Ognibene  
Þorkell Jólsson

## TROMPET

Einar Jónsson  
Ásgeir Steingrímsson

## BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson  
Oddur Björnsson  
David Bobroff, bassabásúna

## PÁKUR

Steeff van Oosterhout

Arna Kristín Einarsdóttir framkvæmdastjóri  
Árni Heimir Ingólfsson listrænn ráðgjafi  
Margrét Sigurðsson fjármálafulltrúi  
Grímur Grimsson sviðsstjóri

Anna Sigurbjörnsdóttir tónleikastjóri  
Hjördís Ástráðsdóttir fræðslustjóri  
Kristbjörg Clausen nótna- og skjalavörður  
Sigþór J. Guðmundsson sviðsstjóri

Margrét Ragnarsdóttir markaðs- og kynningarstjóri  
Greipur Gíslason verkefnastjóri  
Una Eyþórsdóttir mannauðsstjóri  
Jökull Torfason umsjónarmaður nótna



Síminn 

## Njóttu Sinfóníunnar heima með Sjónvarpi Símans

[siminn.is/sinfonian](http://siminn.is/sinfonian)

### Síminn sendir beint frá tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands tvisvar í mánuði í allan vetur

Strengir titra, raddbönd þenjast og fínustu blæbrigði berast heim í stofu með fyrsta flokks útsendingu í Sjónvarpi Símans.

Núna býðst þér að vera með áskrift að tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Njóttu Sinfóníunnar í nærmynd fyrir 2.900 kr. á mánuði í Sjónvarpi Símans.

**Pantaðu áskrift í síma 800 7000.**



## Baksviðs með Sinfóníuhljómsveit Íslands

Systurnar Pálína Árnadóttir og Margrét Árnadóttir mynda stundum hálfan strengjakvartett.



**Pálína:** Hljóðfæraleikarar vinna í nokkuð sérhæfðum heimi. **Margrét:** Já, við notum jafnvel okkar eigin hugtök til að lýsa spilastíl og tækni. Til dæmis þykir oft gott að strengjaleikarar spili nótur með því að „húkka“. Það hljómar líka furðulega þegar óvant fólk heyrir okkur tala um að spila við „froskinn“ eða „oddinn.“

Þó að tengslin milli meðlima Sinfóníuhljómsveitar Íslands geti verið með ýmsum hætti þá eru systkin innan sveitarinnar frekar óalgeng í sögu hennar. En það dylst engum að þær eru systur þær Pálína og Margrét Árnadóttur, þó svo að litatónninn í bylgjuðu hárinu sé ekki alveg sá sami.

Báðar lögðu þær tónlistina fyrir sig á sínum tíma og völdu strengjahljóðfæri til að leika á. Pálína valdi fiðlu en Margrét selló og þær geta því fyllilega myndað betri helminginn af strengjakvartett ef svo ber undir. Þær systur eru samstíga um flest allt og lærðu t.d. báðar hljóðfærslátt sinn

við hinn virta Julliard tónlistarháskóla í New York sem þykir einn sá allra virtasti í heimi. Tónlist er þeim systurum í blóð borin og þess má til gamans geta að faðir þeirra, Árni Arinbjarnarson, er mikill tónlistarmaður sem leikið hefur bæði á orgel og með Sinfóníuhljómsveit Íslands á fiðlu til fjöldamargra ára.

*GAMMA er aðalstyrktaraðili Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Við erum stolt af samstarfi okkar við hljómsveitina og ánægð með að geta tekið höndum saman með ástríðufullu fagfólki um þetta mikilvæga starf.*

**GAMMA**

[www.gamma.is](http://www.gamma.is)